



# Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
3	Fjárheimildir og rekstur .....	5
3.1	Fjárheimildir .....	5
3.2	Rekstraráætlun.....	5
3.3	Niðurstöður/ábendingar .....	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur .....	6
4.2	Umfjöllun .....	6
4.3	Niðurstöður/ábendingar .....	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1	Inngangur .....	7
5.2	Umfjöllun .....	7
5.3	Niðurstöður .....	7
6	Endurskoðun rekstrarliða .....	8
6.1	Tekjur .....	8
6.2	Launagjöld.....	8
6.3	Annar rekstrarkostnaður og tilfærslur .....	8
6.4	Niðurstöður/ábendingar .....	8
7	Endurskoðun efnahagsliða .....	9
7.1	Eignir .....	9
7.1.1	Handbært fé.....	9
7.1.2	Ríkissjóður.....	9
7.1.3	Viðskiptakröfur .....	9
7.2	Eigið fé og skuldir .....	10
7.2.1	Höfuðstóll .....	10
7.2.2	Viðskiptaskuldir.....	10
7.3	Niðurstöður/ábendingar .....	10
8	Önnur atriði .....	11
8.1	Óhæðisyfirlýsing.....	11

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn, sem gerður er af Fjársýslu ríkisins, er byggður á bókhaldi Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og öðrum upplýsingum frá stjórnendum. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ársreikningsins ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Síðasta endurskoðun ársreiknings Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða fór fram árið 2014.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda.

Við endurskoðunina var Framkvæmdasjóði ferðamannastaða bent á að kanna þörfina fyrir sérstakan bankareikning í ljósi þess að hann nýtir sér greiðsluþjónustu Fjársýslu ríkisins.

## 3 Fjárheimildir og rekstur

### 3.1 Fjárheimildir

Fjárveitingar á fjárlögum ársins 2016 námu samtals 666,0 m.kr. Til viðbótar hækkuðu fjárheimildir ársins um 45,0 m.kr. samkvæmt fjárukalögum og var hækkunin vegna aukinna tekna af gistináttagjaldi en sjóðurinn fær lögbundið framlag sem nemur 3/5 af gistináttagjaldi. Fjárheimild ársins nam því 711,0 m.kr. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum námu samtals 734,1 m.kr. og voru því 23,1 m.kr. yfir fjárheimildum ársins eða 3,2%.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Sértekjur	0	0	-125	125	-41
Launagjöld	0	0	4.716	-4.716	3.395
Önnur gjöld og eignak.	0	0	15.025	-15.025	16
Tilfærslur	666.000	711.000	714.442	-3.442	998.860
<b>Samtals</b>	<b>666.000</b>	<b>711.000</b>	<b>734.058</b>	<b>-23.058</b>	<b>1.002.230</b>

### 3.2 Rekstraráætlun

Unnin var rekstraráætlun sem samþykkt var af ráðuneytinu og var hún skráð í fjárhagskerfið.

Tekjuhalli nam 23,1 m.kr. en rekstraráætlun hafði gert ráð fyrir að útgjöld yrðu í samræmi við framlög ársins. Rekstrarhalli skýrist af gjaldfærðum styrkjum sem höfðu áður verið samþykktir en ekki bókfærðir.

### 3.3 Niðurstöður/ábendingar

Ekki komu fram athugasemdir við skoðun fjárheimilda Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Sjóðurinn er einn af fjárlagaliðum sem heyra undir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti en Ferðamálastofa annast rekstur og umsýslu sjóðsins.

### 4.2 Umfjöllun

Innra eftirlit með sjóðnum er einkum fólgið í:

- Að sjóðurinn er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins og hefur ákveðinn aðili heimildir til að samþykkja greiðslur vegna starfseminnar.
- Að gerðir eru samningar um styrki og eru þeir gjaldfærðir og viðskiptafærðir þegar þeir hafa verið samþykktir.
- Að haft er eftirlit með að greiðslur styrkja séu í samræmi við framvindu verkefna.
- Að haldin er skrá yfir alla styrki og ráðstöfun þeirra.
- Að útreikningur og greiðsla launa fer fram í launakerfi ríkisins.
- Að Fjársýsla ríkisins sér um gerð ársreiknings .

### 4.3 Niðurstöður/ábendingar

Ekki komu fram athugasemdir við skoðun innra eftirlits hjá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárheimilir og rekstraráætlun í kafla 3.

### 5.2 Umfjöllun

Sú breyting hefur orðið á verklagi hjá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða að styrkir sem veittir voru á árinu 2016 eru gjaldfærðir og viðskiptafærðir þegar þeir hafa verið samþykktir og gerðir samningar um þá. Enn er þó nokkuð um að styrkir eldri ára séu gjaldfærðir við greiðslu en þeim fer fækkandi.

### 5.3 Niðurstöður

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fylgir almennt lögum og reglum sem gilda um fjárreiður og bókhald hjá ríkinu.

## 6 Endurskoðun rekstrarliða

### 6.1 Tekjur

Tekjur sjóðsins voru yfirfarnar en þær námu 125 þús.kr. Um var að ræða vaxtatekjur af innstæðum á bankareikningi sjóðsins og voru þær í samræmi við bankayfirlit.

### 6.2 Launagjöld

Launagjöld námu 4,7 m.kr. á árinu 2016 og voru þau vegna nefndarstarfa fjögurra nefndarmanna.

### 6.3 Annar rekstrarkostnaður og tilfærslur

Rekstrargjöld voru borin saman á milli ára og helstu frávik yfirfarin. Samhliða greiningu rekstrarkostnaðar voru fylgiskjöl skoðuð. Önnur rekstrargjöld árið 2016 námu 729,5 m.kr. og lækkuðu um 269,4 m.kr. frá fyrra ári. Meginhluti lækkunarinnar var vegna samdráttar í styrkjum úr sjóðnum vegna lækkandi framlaga samkvæmt fjárlögum.

Við endurskoðunina var kannað hvort styrkir væru gjaldfærðir og viðskiptafærðir þegar þeir höfðu verið samþykktir eins og vera ber. Við síðustu endurskoðun, sem var vegna ársins 2014, voru þeir annmarkar á bókhaldinu að styrkir voru gjaldfærðir við greiðslu í stað þess að gjaldfærast og viðskiptafærast þegar þeir höfðu verið samþykktir. Niðurstaða endurskoðunarinnar nú er að styrkir sem veittir voru á árinu 2016 voru almennt gjaldfærðir og viðskiptafærðir þegar þeir höfðu verið samþykktir. Þá leiddi endurskoðunin í ljós að lögð hefur verið mikil vinna í að bæta úr annmörkum fyrri ára. Eldri styrkir sem höfðu ekki verið gjaldfærðir áður voru gjaldfærðir á árinu 2016.

### 6.4 Niðurstöður/ábendingar

Ekki komu fram athugasemdir við endurskoðun rekstrarliða.



## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Efnahagsliðir voru yfirfarnir með tilliti til starfseminnar, breytinga á milli ára og stöðu einstakra liða veltufjármuna og skammtímaskulda. Yfirlit og afstemmingar voru yfirfarnar og leitað skýringa.

Í árslok 2016 námu eignir 1.148,9 m.kr., skuldir námu 1.018,5 m.kr. og höfuðstóll nam 130,4 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Inneign hjá ríkissjóði	1.131.109	914.006	217.103
Skammtímakröfur	1.383	170	1.213
Handbært fé	16.374	6.160	10.214
Eignir alls	1.148.866	920.336	228.530
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	130.351	153.409	-23.058
Skammtímaskuldir	1.018.515	766.927	251.588
Eigið fé og skuldir alls	1.148.866	920.336	228.530

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Handbært fé

Handbært fé nam 16,4 m.kr. í lok árs 2016 en í lok árs 2015 var staðan 6,1 m.kr. Farið var yfir bankaafstemmingar í árslok 2016 og voru innstæður í samræmi við bankayfirlit.

Í ljósi þess að stofnunin er í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslunni er lagt til að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða skoði þörfina fyrir sérstakan bankareikning.

#### 7.1.2 Ríkissjóður

Í efnahagsreikningi er gerð grein fyrir greiðslustöðu Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningskilunum. Í árslok 2016 nam krafa á ríkissjóð 1.131,1 m.kr. en í upphafi árs var um að ræða 914,0 m.kr. kröfu á ríkissjóð og hækkaði krafan á ríkissjóð um 217,1 m.kr. á árinu 2016.

#### 7.1.3 Viðskiptakröfur

Útistandandi kröfur um áramót námu samtals 1,4 m.kr. Athugun hefur leitt í ljós að þau mistök hafa átt sér stað að einum styrkþega voru ranglega tvígreiddar 2,5 m.kr. og vinnur stofnunin að leiðréttingu.

## 7.2 Eigið fé og skuldir

### 7.2.1 Höfuðstóll

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða sýnir uppsafnaðan tekjuafgang gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2016 sýndi höfuðstóll ónýttar fjárheimildir að fjárhæð 130,4 m.kr. og lækkuðu þær um 23,1 m.kr. frá árinu á undan eða sem nemur rekstrarhalla ársins.

### 7.2.2 Viðskiptaskuldir

Skammtímaskuldir námu í árslok samtals 1.018,5 m.kr. og lækkuðu um 251,6 m.kr. frá fyrra ári. Skuldirnar eru vegna ógreiddra styrkja. Við endurskoðunina voru stærstu viðskiptareikningar skoðaðir sérstaklega og staðfest að þær voru vegna ógreiddra styrkja.

## 7.3 Niðurstöður/ábendingar

Lagt er til að bankareikningi verði lokað og innstæðan lögð í ríkissjóð. Þá leiddi endurskoðunin í ljós að um tvígreiðslu var að ræða hjá einum viðskiptavini meðal viðskiptakrafna. Nokkuð var um ógreidda styrki sem fyrirséð er að þarf að fella niður. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar hefur verið tekin ákvörðun um niðurfellingu eldri styrkja á árinu 2017. Að öðru leyti var endurskoðunin án athugasemda.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggur yfirlýsing um óhæði starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem komu að endurskoðuninni



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)